

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti eftirfarandi á fundi sínum 5. maí 2022:

Breyting á deiliskipulagi Kaupþúns, Kaupþún nr. 4 (IKEA).

Í breytingunni felst að lóðin stækkar til vesturs um 16.866 m². Byggingarreitur stækkar til vesturs og hámarksbyggingarmagn á lóð eykst úr 22.500 m² í 35.500 m². Fjöldi bílastæða eykst í samræmi við bílastæðakröfu sem er óbreytt, það er 1 stæði fyrir hverja 30 m².

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 1. júlí 2022.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 1. júlí 2022